

266. fundur.

Fundur stjórnar SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins mánudaginn 2. nóvember 2009, kl.7.30

Mættir eru:

Herdís Sigurjónsdóttir, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Páll Hilmarsson, Guðfinna Guðmundsdóttir, Ómar Stefánsson, Guðmundur Gunnarsson, Þór Sigurgeirsson. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni G. P.Hjarðar yfirverkfræðingur og Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

- 1. Rekstraráætlun SORPU bs fyrir árið 2010.**
Framkvæmdastjóri kynnir áætlun og forsendur hennar. Málið rætt ítarlega. Málinu frestað til næsta fundar.
- 2. 3ja ára áætlun 2011-2013.**
Umræðu frestað til næsta fundar.
- 3. Lyktarmál í Álfsnesi.**
Bjarni P. Hjarðar kynnir og leggur fram minnisblað dagsett 26.október 2009. Efni: Lyktarverkefnið í Álfsnesi og nágrenni. Staða og næstu aðgerðir. Málið rætt. Stjórn leggur áherslu á að verkefnið er forgangsverkefni í rekstri urðunarstaðarins.
- 4. Framtíðarflokkun heimilisúrgangs á höfuðborgarsvæðinu.**
Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir minnisblað, dagsett 1. nóvember 2009 varðandi flokkun heimilisúrgangs á höfuðborgarsvæðinu. Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að kynna framtíðarsýn SORPU í flokkun úrgangs á höfuðborgarsvæðinu fyrir sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga SORPU og umhverfisráðherra.
- 5. Kæra og kvörtun Íslenska gámafélagsins.**
Málið rætt. Framkvæmdastjóra falið að vinna að málinu.
- 6. Móttökureglur úrgangs.**
Málinu frestað til næsta fundar.
- 7. Urðunarstaðir og framtíðar vinnslustaðir á höfuðborgarsvæðinu.**
Málið rætt.

8. Önnur mál.

Bréf frá Reykjavíkurborg. Efni: Fjárhagsáætlun 2010.

Umræða tekin upp frá síðasta fundi. Framkvæmdastjóra og formanni falið að svara erindi Reykjavíkurborgar.

Næsti fundur stjórnar mánudaginn 16. nóvember.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 10.35.

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir.

Herdís Sigurjónsdóttir	Guðmundur G. Gunnarsson
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson	Þór Sigurgeirsson
Ómar Stefánsson	Páll Hilmarsson
Guðfinna Guðmundsdóttir	Bjarni Hjarðar
Björn H. Halldórsson	